

Aðgerðaráætlun fyrir fólkvanginn Ósland

Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins. Þær eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái stöðugt hvernju sinni.

Sveitarfélagið Hornafjörður er ábyrgðaraðili eftirfarandi aðgerða.

Árlega

- Sveitarfélagið fylgist með ástandi innviða og gerir ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- Göngustígar og jarðvegsrof verði vaktað og viðeigandi ráðstafanir gerðar jafn óðum.
- Svæðið hreinsað af rusli, bæði á landi og við sjávarmál

2021

- Lítilli grenndarstöð með möguleikum á flokkun sorps komið fyrir með snyrtilegum hætti
- Villustígar lokaðir og komið í veg fyrir að nýir myndast
- Stígar skilgreindir sem göngu og/eða hjólastígar
- Áætlun og stefnumótun í upplýsingargjöf innan fólkvangsins unnin. Við skiltagerð er stuðst við skiltahandbók UST.
- Fræðsluvettvangur um fólkvanginn útbúinn á heimasíðu sveitarfélagsins
- Standar fyrir hjól settir upp við bílastæði


2022

- Bekkir og önnur setsvæði endurbætt svo þau falli vel inn í umhverfið og aðkoma að setsvæðum gerð augljós.
- Mannvirki yfirfarin og þau fjarlægð sem ekki eru í notkun og endurbætur gerðar á mannvirkjum svo að þau verði snyrtilegri og falli betur inn í umhverfið
- Úttekt gerð á fuglalífi svæðisins

2023

- Aðgerðaráætlun uppfærð til næstu þriggja ára

Við endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins mun vegslóði að innviðum innan friðlandsins vera skilgreindur.



Matthildur Ásmundsdóttir
bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar